

Fundargerð 394. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, föstudaginn 28. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 393. fundar frá 27. mars sl.

Fundargerð samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Cruise Iceland - könnun á eyðslu farþega skemmtiferðaskipa - 1704001HA

Lagt fram erindi frá Cruise Iceland, dags. 10. apríl 2017, þar sem óskað er eftir fjárstuðningi til að láta framkvæma könnun á eyðslu farþegar og áhafna skemmtiferðaskipa sem koma til landsins. Hafnasambandið og Cruise Iceland hafa tvisvar áður fengið GP Wild í Bretlandi til að gera sambærilega könnun en heildarkostnaður við verkefnið er 11.500 Evrur.

Samþykkt að styrkja verkefnið um 700.000 kr. að því gefnu að Cruise Iceland tryggji fjármögnun á afgangnum af kostnaðnum.

3. Samráðsnefnd um vítamál - 1605176SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 3. fundar samráðshóps um vítamál sem haldinn var 11. apríl sl.

4. Frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda og hollustuhætti og mengunarvarnir, 355. mál - óskað umsagnar - 1704003HA

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. apríl 2017, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda og hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, refsíákvæði), 355. mál.

Hafnasamband Íslands hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

5. Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu, 412. mál - óskað umsagnar - 1704002HA

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. apríl 2017, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingum á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum), 412. mál.

Hafnasamband Íslands fagnar fram komnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum.) Telur Hafnasambandið afar mikilvægt að auka öryggi og áreiðanleika vigtunar hjá vigtunarleyfishöfum eins og tilgangur frumvarpsins er. Þar sem ekki er að finna í lögum eða reglugerðum sem um vigtarmál fjalla orðskýringu á vigtunarleyfishöfum, vill Hafnasambandið taka það skýrt fram að skoðun þess er að íslenskar hafnir flokkist ekki sem vigtunarleyfishafar. Skoða ber álit Hafnasambandsins við frumvarpið í þessu ljósi. Þá vill hafnasambandið ítreka þá ósk sína að gerður verði samningur við hafnirnar um greiðslu fyrir þá þjónustu sem þær veita ríkinu með vigtun og skráningu sjávarafila í þágu fiskveiðistjórnunarkerfi ríkisins.

6. Rafrænt eftirlit í höfnum - 1704006HA

Rætt um rafræna vöktun í höfnum og hvað þarf að hafa í huga hvað slíkt eftirlit varðar.

Lagt til að Lúðvík, Björn og Hallur Árnason hjá Faxaflóahöfnum fari yfir þær reglur sem gilda um rafræna vöktun og setji fram ramma að leiðbeiningum fyrir hafnir og verklagsreglum um innri reglur hafna varðandi rafræna vöktun.

7. Fjárhagsstaða verst settu hafnasjóðanna - 1611006HA

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra, dags. 25. apríl 2017, þar sem farið er yfir hvaða hafnir hafa skilað inn upplýsingum til hafnasambandsins sem óskað var eftir í bréfi dags. 15. desember 2016.

Erindið var sent til 14 hafnasjóða, þar af svöruðu níu. Sjö hafnasjóðir hafa áætlun til að bæta stöðu sjóðanna en tveir sjóðir telja að þær geti ekki orðið sjálfbærar nema með utanaðkomandi aðstoð.

8. Kynning á starfsemi hafna: Sjónvarpsþáttagerð - 1611008HA

Farið yfir sjónvarpsþáttagerð sem hafnasambandið, í samvinnu við Athygli, Hringbraut og hafnasjóði, mun framleiða í sumar og haust. En 6. mars var sendur út póstur á allar aðildarhafnir þar sem óskað var eftir áhugasömum höfnum til að taka þátt í verkefninu. Hafnasambandið mun sjálft standa straum af einum almennum yfirlitsþætti um hafnir, starfsemi þeirra og sögu. Því til viðbótar hafa Faxaflóahafnir, Fjarðabyggðarhafnir, Hafnir Snæfellsbæjar, Skagafjarðarhafnir, Vestmannaeyjahöfn og Hafnir Reykjanesbæjar samþykkt að taka þátt í verkefninu.

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Athygli og óska eftir því að hefja verkefnið.

9. Kynning á starfsemi hafna: Verið viðbúin! - 1611008HA

Farið yfir skipulag námskeiðsins "Verið tilbúin!" sem hafnasambandið stendur fyrir þann 4. maí í Borgartúni 30.

10. Vorfundur 2017 - 1701003HA

Farið yfir fyrirkomulag vegna vorfundar stjórnar sem fer fram á Snæfellsnesi.

11. Fjarvigtun - 1611007HA

Lagt fram til kynningar sameiginlegt bréf hafnasambandsins og Fiskistofu, dags. 24. apríl 2017, þar sem óskað er eftir samstarfi við Neytendastofu um að skoða möguleika þess að útfæra tilraunaverkefni um fjarvigtun.

12. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 1704004HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. samráðsfundar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands, dags. 23. mars. 2017.

Samþykkt að kynna samstarfið fyrir aðildarhöfnum og óska eftir ábendingum um mál sem þarfnast umfjöllunar í starfshópnum.

13. Hæfisreglur vigtarmanna - 1704005HA

Rætt um hæfisreglur vigtarmanna og þá sérstaklega aldursviðmið.

Birni falið að semja bréf til að senda Neytendastofu þar sem óskað er eftir að aldursviðmið vigtarmanna verði lækkað í 18 ára.

Fundi var slitið kl. 12:50

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson